

**Samningur velferðarráðuneytis og Hafnafjarðarbæjar
um móttöku, aðstoð og stuðning við hóp flóttafólks 2015-2017**

1. Samningsaðilar

- 1.1. Verkkaupi er velferðarráðuneytið, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, kennitala: 601210-1340.
- 1.2. Verksali er Hafnafjarðarbær, Ráðhúsi Hafnarfjarðar, 220 Hafnarfjörður, kennitala: 590169-7579.

2. Tilefni samnings

Ríkisstjórn Íslands samþykkti að taka á móti sýrlenskum flóttafjölskyldum á ríkisstjórnarfundum hinn 21. júlí 2015. Áætlað er að hópurinn komi til Íslands í desember 2015. Samningur þessi lýtur að móttöku, aðstoð og stuðningi við 17 flóttamenn, þar af 11 börn, yfir tuttugu og fjögurra mánaða tímabil.

Gert er ráð fyrir samstarfi milli Hafnarfjarðarbæjar, Rauða krossins á Íslandi og velferðarráðuneytisins við veitingu aðstoðar og þjónustu samkvæmt samningi þessum og í samræmi við viðmiðunarreglur flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks frá 10. maí 2013 og leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks frá maí 2014, þó með þeim frávikum sem leiðir af efni samnings þessa og kostnaðaráætlun sem er hluti af samningi þessum (sbr. fylgiskjal 1).

3. Verkefni verkkaupa

Með samningi þessum tekur verkkaupi að sér að:

- 3.1. Veita fjármagni til móttökuverkefnisins að teknu tilliti til þarfa einstaklinganna sem hingað koma og umfangs verkefnisins í samræmi við kostnaðaráætlun sem er hluti af samningi þessum (sjá fylgiskjal 1). Samið er til tveggja ára. Á öðru ári er greitt fyrir túlkapjónustu, námskeið og frístundir fyrir börn upp að ákveðinni fjárhæð ef þörf krefur, auk þess sem haldið verður áfram að endurgreiða framfærslu ásamt sálfræðikostnaði eins og gert hefur verið frá upphafi. Lokauppgjör fer fram að tveimur árum liðnum. Heimilt verður að færa kostnað vegna einstakra liða milli ára á samningstímanum séu þeir vannýttir. Að tólf mánuðum liðnum tekur við stuðningur og aðstoð í samræmi við reglur viðkomandi móttökusveitarfélags um fjárhagsaðstoð, sbr. einnig ákvæði VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum.
- 3.2. Skipa samráðshóp vegna stuðnings og aðlögunar við flóttafólk. Samráðshópin skipa tveir fulltrúar sveitarfélags, fulltrúi Rauða krossins á Íslandi, fulltrúi deildar Rauða krossins í viðkomandi sveitarfélagi og fulltrúi velferðarráðuneytisins sem er formaður hópsins. Um verkefni samráðshópsins fer eftir 12. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar frá 10. maí 2013.
- 3.3. Skipa framkvæmdahóp sem í eiga sæti fulltrúar Rauða krossins og sveitarfélagsins sem vinna að daglegum verkefnum vegna móttökunnar. Um verkefni

FJA 2015-17

framkvæmdahópsins fer eftir 13. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar frá 10. maí 2013.

3.4. Leiða starf samráðshópsins og framkvæmdahópsins.

3.5. Leggja til verkefnisstjóra til að undirbúa móttöku flóttafólks.

3.6. Sinna ráðgjöf og fræðslu fyrir starfsfólk sveitarfélaga og túlka.

3.7. Útbúa upplýsingaefni fyrir flóttamannahópinn í samvinnu við fulltrúa viðkomandi sveitarfélaga.

3.8. Vinna að lokaskýrslu í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag.

4. Önnur verkefni ríkisins sem verkkaupa ber að tryggja:

4.1. Tryggja ungmennum á aldrinum 16-24 ára, námstilboð við hæfi í framhaldsskóla á fyrsta ári. Að því tímabili loknu skal veita þeim námsráðgjöf um frekara framhaldsnám og símenntun.

4.2. Tryggja ungmennum í framhaldsskóla rétt til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og gefa þeim tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, í fjarnámi eða með öðrum hætti, sbr. 3. mgr. 35. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 sé það mögulegt.

4.3. Framhaldsskólar skulu setja sér áætlun um móttöku nemenda úr hópi flóttamanna. Móttökuáætlun skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum á tungumáli sem þau skilja. Þá skal móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum, sbr. 4. mgr. 35. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

4.4. Veita alla nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Enn fremur skal verkkaupi greiða hlut sjúklings í kostnaði við heilbrigðisþjónustu sem þörf er á fyrstu sex mánuði dvalar flóttafólksins, sbr. 22. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar frá 10. maí 2013.

5. Verkefni verksala

Með samningi þessum tekur verksali að sér að:

5.1. Gera kostnaðaráætlun vegna móttöku flóttafólks í samráði við verkkaupa. Kostnaðaráætlunin er hluti af samningi þessum (sbr. fylgiskjal 1). Í kostnaðaráætlun skal jafnframt gert ráð fyrir varasjóði sem nemi 5% af heildarkostnaði samnings þessa.

5.2. Annast umsýslu verkefnisins og greiðslu reikninga í samræmi við kostnaðaráætlun.

5.3. Taka saman upplýsingar um fjárhagsstöðu móttökuverkefnisins, sbr. 6.2., á miðju samningstímabilinu og við lok þess. Lokauppgjóri skal skila eigi síðar en ári eftir að verkefni lýkur.

- 5.4.Útvega íbúðarhúsnæði fyrir flóttafólk.
- 5.5.Tryggja börnum leikskóladvöl. Verkkaupi greiðir grunnkostnað sem og sértækan kostnað sveitarfélaga vegna leikskóla.
- 5.6.Annast innritun og eftirfylgni í grunnskóla og frístundaheimili.
- 5.7.Aðstoða við leit að hentugum tómstundum fyrir börnin og aðstoð við skráningar.
- 5.8.Veita sérfræðiaðstoð félagsráðgjafa, geðlækna, sálfræðinga og stuðningsfulltrúa. Mat á þörf fyrir sérfræðiaðstoð fer fram í félagslegri ráðgjöf.
- 5.9.Tryggja alla nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Þetta á við um lyfseðilsskyld lyf og hjálpartæki, svo sem gleraugu og heyrnartæki. Að sex mánuðum liðnum skal flóttafólkið sjálft greiða hlut sjúklings í heilbrigðis- og lyfjakostnaði, enda sé búið að greina og meðhöndla eins og kostur er þá sjúkdóma og heilsubrest sem flóttafólkið kann að hafa haft við komuna til landsins. Sé heilsa flóttamanns lakari en upphafleg greining sagði til um, eða ástand sem hefur hlotið meðhöndlun við komu, hefur ekki batnað, eða um er að ræða vanfæra konu, skal verksali kalla eftir endurskoðun á kostnaðaráætlun vegna þess aðila.
- 5.10. Veita í samráði við verkkaupa flóttafólki kost á tannlækningum. Sú þjónusta skal látin þeim í té að kostnaðarlausu og miðast við að gert sé við skemmdar tennur og nauðsynlega tannsmíði ásamt fræðslu um tannhirðu. Ekki er greitt fyrir gullfyllingar eða krónu- og brúargerð. Samþykki velferðarráðuneytisins þarf fyrir verulega kostnaðarsömum aðgerðum áður en meðferð hefst.
- 5.11. Leitast við að börn flóttafólks fái í leik-, og grunnskólum kennslu í og á eigin móðurmáli. Með kennslunni skal stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda.
- 5.12. Gefa flóttafólki, þar á meðal börnum á leik-, grunn- og framhaldsskólaaldri, kost á ókeypis kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og samfélagsfræðslu. Miða skal við að börnum sem fullorðnum sé boðið upp á heildstætt nám í íslensku. Leitast skal við að íslenskukennarinn tali móðurmál flóttafólksins.
- 5.13. Aðstoða við atvinnuleit í samvinnu við Vinnumálastofnun.
- 5.14. Veita aðra þjónustu á vegum sveitarfélagsins, gerist þess þörf.
- 5.15. Greiða fyrir túlkþjónustu og aðkomu móðurmálskennara í grunnskóla og stuðning í framhaldsskóla.
- 5.16. Taka saman stöðumatsskýrslu um aðstæður fjölskyldnanna níu mánuðum eftir komu þeirra til landsins og aftur við lok verkefnisins, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að því lýkur.
- 5.17. Taka þátt í fræðslu- og kynningarstarfi fyrir samstarfsaðila verkefnisins í samvinnu við samstarfshópinn.
- 5.18. Tilnefna fulltrúa í framkvæmdahóp og samráðshóp móttökuverkefnisins.

KIK
d.l.r.

5.19. Veita starfsfólki sem á aðkomu að móttökuverkefninu stuðning og handleiðslu miðað við þarfir hvers og eins.

6. Greiðslur, fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

6.1. Verkkaupi greiðir verksala kr. 53.129.000,- á gildistíma samningsins fyrir þá þjónustu sem fram kemur 5. gr., með hliðsjón af kostnaðaráætlun móttökuverkefnisins, sbr. fylgiskjal 1 með samningi þessum. Fjárhæðin greiðist í þrennu lagi; kr. 16.000.000,- koma til greiðslu við undirritun samningsins inn á reikning 0545-26-230, merkt kostnaðarstað 590169-7579, kr. 18.564.500,- koma til greiðslu eigi síðar en 1. apríl 2016 og kr. 18.564.500,- koma til greiðslu að tólf mánuðum liðnum frá undirritun samnings, sbr. þó gr. 6.2. og 6.3.

6.2. Kostnaðaráætlun verkefnisins skal endurskoðuð að tólf mánuðum liðnum að teknu tilliti til stöðumatsskýrsla sem þá liggja fyrir um móttökuverkefnið. Þá geta samningsaðilar hvor um sig óskað eftir að kostnaðaráætlun verði endurmetin ef um veruleg frávik í kostnaði koma upp.

6.3. Óheimilt er að ráðstafa fjármunum til annarra verkefna en þeirra sem leiða af samningi þessum eða kostnaðaráætlun. Þá er óheimilt að færa fjármagn milli einstakra liða í kostnaðaráætlun nema sýnt sé fram á að vannýtt fjármagn á einum lið sé nýtt til að auka þjónustu við fjölskyldu samkvæmt öðrum lið. Sé fjármuninum ekki ráðstafað í samræmi við samning þennan í lok samningstíma skal verksali endurgreiða mismuninn innan þriggja mánaða frá lokauppgjöri að undanskildum áætluðum kostnaði vegna sálfræðiþjónustu og kostnaði vegna túlkajónustu fyrir sálfræðiþjónustuna, í samræmi við ákvæði 27. gr. og 28. gr. viðmiðunarreglnanna frá 10. maí 2013, sbr. fylgiskjal 2, auk túlkajónustu og námskeið og frístunda fyrir börn, sbr. lið 3.1.

6.4. Verksali skal afla samþykkis verkkaupa til hvers konar fjárhagslegra ráðstafana sem ekki falla beint undir kostnaðaráætlun. Ríkisendurskoðun getur framkvæmt fjárhags- og stjórnsýsluendurskoðun á samningnum samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og lögum um ríkisendurskoðun, nr. 86/1997.

6.5. Halda skal kostnaði vegna verkefnisins til haga í bókhaldi verksala og veita verkkaupa upplýsingar um fjárhagsstöðu verkefnisins við endurmat kostnaðaráætlunar að loknum tólf mánuðum. Uppgjöri skal skila með sömu sundurliðun og kostnaðaráætlun. Lokauppgjöri skal skila tveimur mánuðum eftir að móttökuverkefni lýkur. Verksali skal veita verkkaupa upplýsingar um stöðu verkefnisins, óski hann þess. Upplýsingarnar skal afhenda í síðasta lagi tveimur vikum eftir að beiðni berst.

7. Meðferð ágreiningsmála og vanefndir

Telji samningsaðilar framkvæmd verkefnisins, í heild eða að hluta, ábótavant (vanefnd) eða uppfylli samningsaðilar ekki samningsskyldur sínar sem útlistaðar eru í 3.-5. gr. samningsins, þrátt fyrir að hafa fengið frest til úrbóta, skal gerð skrifleg athugasemd þar að lútandi. Eftir að athugasemdirnar hafa verið teknar upp í framkvæmdahópi og/eða samráðshópi, eftir því sem við á, ber viðeigandi samningsaðila að ráðast í úrbætur sem teljast mega nauðsynlegar miðað við efni samningsins, gerist þess þörf.

8. Réttarfar

Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. Framsal réttinda

9.1. Verksala er óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

9.2. Verksala er enn fremur óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

10. Samningstími

Samningur þessi er gerður skv. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og gildir frá undirritun og fram að þeim tíma að 24 mánuðir eru liðnir frá komu flóttafólksins.

11. Frumrit samnings og fyrirvari um staðfestingu

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvor um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa og annað í vörslu verksala.

Reykjavík, 25. nóvember 2015



Eygla Harðardóttir

Félags- og húsnæðismálaráðherra



Haraldur Líndal Haraldsson

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Fylgiskjal 1: Kostnaðaráætlun flóttamannaverkefnis 2015–2017.

Fylgiskjal 2: Viðmiðunarreglur flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks, dags. 10. maí 2013.

Fylgiskjal 3: Reglur um fjárhagsaðstoð Hafnarfjarðar.

Fylgiskjal 4: Verkaskipti vegna móttökuverkefnis flóttamanna sem hingað koma í boði íslenskra stjórnvalda 2015-2016.

Fylgiskjal 5: Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks frá maí 2014.

HAFNARFJÖRÐUR - Móttaka flóttafólks frá Sýrlandi 2015-2016 - Fjárhagsáætlun (þús.kr.)

Framfærsla		
Framfærsla		9.544
Desemberuppbót		474
Barnabætur 2013 (27. gr.)		2.778
Samtals		12.795
Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri.		
Leikskólagjöld		2.925
Skólamáltíðir		533
Frístundaheimili		622
Skólabyrjun		175
Íþróttir og tómstundir		900
Samtals		5.155
Námsstyrkur		
Framhaldsskóli		180
Samtals		180
Styrkur vegna sérstakra aðstæðna		
Strætókort		159
Samtals		159
Menntunarkostnaður		
Sértækur stuðningur í grunnskóla		9.257
Sértækur stuðningur í leikskóla		1.453
Íslenskukennsla		2.155
Samtals		12.865
Húsnæðiskostnaður		
Húsaleiga		1.097
Húsaleigubætur		946
Sími og internet		36
Samtals		2.079
Heilbrigðiskostnaður		
Heilsugæsla og lyf		1.719
Heilbrigðisvottorð		569
Gleraugnastyrkur		153
Tannlækningar		833
Sálfræðipjónusta		3.742
Samtals		7.017
Ráðgjafapjónusta og stuðningur		
Félagsráðgjöf og önnur sérfræðiráðgjöf		8.536
Tilsjón		289
Handleiðsla fyrir starfsmenn		390
Túlkapjónusta		1.133
Samtals		10.348
Ófyrirséð	5%	2.530
Samtals		53.129
Pr. einstakling - (17)		3.125

FH.

Móttaka og aðstoð

Viðmiðunarreglur flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gildissvið og yfirstjórn.

Reglur þessar gilda um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita landvist, sbr. 51. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

Ákvæði um aðstoð og þjónustu í reglum þessum gilda í eitt ár frá komudegi flóttafólks til landsins ef annað er ekki tekið fram.

Velferðarráðherra fer með yfirstjórn móttöku og aðstoðar við flóttafólk samkvæmt reglum þessum.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglnanna er að vera til leiðbeiningar og viðmiðunar fyrir þá sem eiga hlut að móttöku flóttamannahópa sem koma í boði stjórnvalda og til upplýsinga fyrir flóttafólkið sjálft.

3. gr.

Fjármögnun.

Utanríkisráðuneytið greiðir kostnað við móttöku flóttafólks í samræmi við þá tillögu sem utanríkisráðherra og velferðarráðherra kynna fyrir ríkisstjórn, sbr. 5. gr.

II. KAFLI

Fyrirkomulag málefna flóttafólks.

4. gr.

Skipun og hlutverk nefndar um flóttafólk.

Velferðarráðherra skipar flóttamannanefnd til fimm ára í senn. Innanríkisráðuneyti, utanríkisráðuneyti og Rauði krossinn á Íslandi tilnefna hvert sinn fulltrúa í nefndina, en formaður er skipaður af velferðarráðherra. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Hlutverk flóttamannanefndar er meðal annars að leggja til við ríkisstjórn heildarstefnu og skipulag um móttöku flóttamannahópa, hafa yfirumsjón með framkvæmd á móttöku hópanna og veita stjórnvöldum umsögn um einstök tilvik eftir því sem óskað er. Nefndin skal árlega gera ríkisstjórninni grein fyrir störfum sínum og leggur velferðarráðuneyti nefndinni til starfsmann.

5. gr.

Tillaga um móttöku flóttafólks.

Að fenginni tillögu flóttamannanefndar og þegar kostnaðaráætlun hefur verið gerð leggja velferðarráðherra og utanríkisráðherra til við ríkisstjórn að tekið verði á móti tilteknum fjölda flóttafólks frá tilteknu landi eða löndum.

6. gr.

Samstarf við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Flóttamannanefndin starfar í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Tillaga flóttamannanefndar til utanríkisráðherra og velferðarráðherra um það hvaðan flóttafólkið kemur hverju sinni skal ævinlega tekin í samráði við Flóttamannastofnunina.

7. gr.

Samráð við Útlendingastofnun.

Áður en endanleg ákvörðun liggur fyrir um móttöku flóttamannahóps skal Útlendingastofnun fjalla formlega um hvert mál og staðfesta að ekki séu annmarkar á því að veita viðkomandi einstaklingum hæli á Íslandi, sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 51. gr. laga nr. 96/2002, með síðari breytingum.

8. gr.

Sendinefnd vegna móttöku flóttafólks.

Sendinefnd á vegum íslenskra stjórnvalda fer hverju sinni til þess ríkis þar sem flóttafólkið hefur fengið hæli og leggur mat á hvaða fjölskyldum og einstaklingum skuli boðið að setjast að á Íslandi. Nefndin vinnur í nánu samráði við fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna í dvalarlandi fólksins. Að ferð lokinni leggur sendinefndin tillögur sínar fyrir flóttamannanefndina sem síðan kynnir þær velferðarráðherra og utanríkisráðherra.

Í sendinefndinni eiga sæti eftir atvikum fulltrúar þeirra ráðuneyta sem eiga aðild að flóttamannanefndinni, fulltrúi Rauða krossins á Íslandi og fulltrúi Útlendingastofnunar.

9. gr.

Samráð við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Þegar aldur og fjöldi flóttafólks sem tekið verður á móti liggur fyrir skal flóttamannanefndin upplýsa mennta- og menningarmálaráðuneytið um aldur og fjölda ungmenna sem sækja mun framhaldsskóla á fyrsta dvalarári með það að markmiði að tryggja þeim námstilboð við hæfi.

10. gr.

Samstarf við Rauða krossinn á Íslandi vegna móttöku flóttamannahópa.

Í hvert sinn sem tekið er á móti hópi flóttafólks gera velferðarráðuneytið og Rauði krossinn á Íslandi með sér samning þar sem meðal annars skal kveðið á um útvegum innbús fyrir flóttafólk og umsjón með stuðningsfjölskyldum.

Í hvert sinn sem ákvörðun er tekin um móttöku flóttamannahóps gerir Rauði krossinn á Íslandi kostnaðaráætlun sem velferðarráðuneytið staðfestir vegna þeirra verkefna sem honum eru falin í samræmi við samninginn, sbr. 1. mgr.

11. gr.

Samningar við sveitarfélög um móttöku flóttafólks.

Velferðarráðuneytið semur við tiltekið sveitarfélag eða sveitarfélög um móttöku á tilteknum fjölda flóttafólks í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni.

Við val á sveitarfélagi, sbr. 1. mgr., skal taka mið af aðstæðum öllum, þar með talið félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, atvinnuástandi, menntunarmöguleikum, möguleikum á húsnæði og öðru sem eftir atvikum skiptir máli hverju sinni.

Samningar við sveitarfélög skulu taka til þjónustu og náms sem ætla má að flóttafólki þarfnist og eru á hendi sveitarfélaga, svo sem útvegum húsnæðis, leikskóla, grunnskóla, félagsráðgjafar, fjárhagsaðstoðar og aðstoðar við atvinnuleit. Enn fremur skal flóttafólki tryggð heilbrigðisþjónusta, sbr. 22. og 23. gr., íslenskukennsla og samfélagsfræðsla, sbr. 17. og 19. gr.

Sveitarfélag, sbr. 1. mgr., gerir kostnaðaráætlun vegna móttöku flóttafólks í samráði við velferðarráðuneytið og skal áætlunin vera hluti samnings þess við ráðuneytið.

12. gr.

Samráðshópur vegna móttöku flóttafólks.

Velferðarráðherra skipar samráðshóp vegna stuðnings og aðlögunar við flóttafólk í hvert sinn sem gerður er samningur við nýtt sveitarfélag, sbr. 11. gr. Samráðshópin skipa tveir fulltrúar sveitarfélags, fulltrúi Rauða krossins á Íslandi, fulltrúi deildar Rauða krossins í viðkomandi sveitarfélagi og fulltrúi velferðarráðuneytis sem er formaður hópsins.

Verkefni samráðshópsins er að tryggja sem best samræmi og samhæfingu vegna móttöku og aðstoðar við flóttafólkið og greitt flæði upplýsinga til flóttamannanefndarinnar og ráðuneytisins.

13. gr.

Framkvæmdahópur um móttöku flóttafólks.

Samráðshópurinn, sbr. 12. gr., skipar framkvæmdahóp sem í eiga sæti fulltrúar Rauða krossins og sveitarfélagsins sem vinna að daglegum verkefnum vegna móttökunnar. Hlutverk hópsins er að samræma verkþætti innan sveitarfélagsins og tryggja að flóttafólkið fái fullnægjandi þjónustu og stuðning. Fundargerðir framkvæmdahóps skulu sendar samráðshópi.

III. KAFLI

Aðstoð við flóttafólk og réttur þess til þjónustu.

14. gr.

Markmið aðstoðar við flóttafólk.

Markmið aðstoðarinnar er að tryggja svo vel sem kostur er aðlögun flóttafólksins að íslenskum aðstæðum og samhliða stuðla að því að samfélagið komi til móts við þarfir þess. Leitast skal við að gefa flóttafólki kost á að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi, en jafnframt virða rétt þeirra til að vernda og rækta eigin menningu.

15. gr.

Inntak aðstoðar við flóttafólk.

Flóttafólk á rétt á sérstakri aðstoð að lágmarki í eitt ár frá komu þess til landsins. Aðstoð sú sem flóttafólkið á rétt á, sbr. þó önnur ákvæði þessa kafla, er:

- a. Fjárhagsaðstoð.
- b. Félagsleg ráðgjöf.
- c. Húsnæði, ásamt nauðsynlegu innbúi og síma.
- d. Menntun, einkum íslenskukennsla, móðurmálskennsla og samfélagsfræðsla.
- e. Leikskólakennsla.
- f. Tómskundastarf.
- g. Heilbrigðisþjónusta og tannlækningar.
- h. Þjónusta túlka.
- i. Aðstoð við atvinnuleit.
- j. Önnur nauðsynleg aðstoð.

16. gr.

Fjárhagsaðstoð.

Flóttafólki skal tryggð fjárhagsaðstoð í að minnsta kosti eitt ár sem miðast við reglur viðkomandi sveitarfélags um fjárhagsaðstoð, sbr. einnig ákvæði VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Fjárhagsaðstoðin á fyrsta ári skerðist um 1/3 þegar flóttamaður er kominn í að minnsta kosti hálf starf og um 2/3 þegar hann er kominn í fullt starf. Ef þörf er á fjárhagsaðstoð að loknu einu ári skal fara með málið í samræmi við ákvæði 28. gr. reglna þessara.

17. gr.

Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla.

Allt flóttafólk, þar á meðal börn á leik-, grunn- og framhaldsskólaaldri, skal eiga kost á ókeypis kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og samfélagsfræðslu sem skal hefjast sem fyrst eftir komu þess til landsins. Kennslan skal fara fram á fyrsta ári.

Miða skal við að kennsla fullorðinna fari að jafnaði fram á dagvinnutíma og skal hún vera að lágmarki 720 kennslustundir; að jafnaði 40 mínútur hver kennslustund. Ef flóttafólk hefur vinnu áður en íslenskukennsla er lokið skal kennslan eftir sem áður fara fram á dagvinnutíma fyrstu níu mánuðina.

Með íslenskukennslu samkvæmt þessari grein er átt við heildstætt nám í íslensku sem öðru tungumáli og stefnt skal að því að íslenskukennarinn tali móðurmál flóttafólksins. Ef því verður ekki við komið skal nota túlkajónustu við kennsluna. Enn fremur skal tryggt að flóttafólk fái aðstoð túlks við samfélagsfræðslu.

Fullorðna flóttafólkið skal fá námið metið í samræmi við námsmat sem lagt er til í námskrá fyrir nám í íslensku fyrir fullorðna útlendinga sem sækja um búseturétt á Íslandi.

18. gr.

Móðurmálskennsla.

Í leik-, grunn- og framhaldsskólum skulu börn flóttafólks fá kennslu í og á eigin móðurmáli þar sem því verður við komið. Með kennslunni skal stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda. Nemendur skulu hvattir til að halda móðurmáli sínu við og rækta það. Meta skal kunnáttu í móðurmáli sem hluta af námi á þessum skólastigum.

19. gr.

Almenn kennsla barna og ungmenna.

Kennslu barna og unglunga á skólaskyldualdri skal miða við að börnin geti sem fyrst notið kennslu í almenna skólakerfinu. Tryggt skal að börn flóttafólks fái aðstoð túlks eða móðurmálskennara í skólum.

Á fyrsta skólaári er æskilegt að börnin stundi nám í sérstökum móttökubekkjum þar sem þeim er eftir atvikum skipt í aldurshópana 6–8 ára, 9–12 ára og 13–16 ára. Í móttökubekkjum skal miðað við að þau fái 15–18 kennslustundir í íslensku. Þá fari þar fram kennsla á aðlöguðu máli í þeim námsgreinum sem jafnaldrar þeirra stunda. Einnig sækji börnin þær námsgreinar með jafnöldrum sínum sem talið er að þau geti haft gagn af.

Ungmennni, allt að 24 ára aldri, sem eru flóttafólk skulu fá námstilboð við hæfi í framhaldsskóla í að minnsta kosti eitt ár.

Áður en skólaganga barnanna hefst skal veita starfsfólki og nemendum grunnþekkingu um menningu flóttafólksins og aðstæður í heimalandi þess.

20. gr.

Menntun og starfsréttindi.

Hlutaðeigandi sveitarfélag skal veita flóttafólki, eftir því sem við á, aðstoð svo það fái notið starfsmenntunar sem það hefur aflað sér, þ. á m. við öflun starfsréttinda sem krefjast löggildingar eða annarrar opinberrar viðurkenningar.

21. gr.

Tómstundastarf.

Rauði krossinn á Íslandi, hlutaðeigandi sveitarfélag og stuðningsfjölskyldur skulu stuðla að því að flóttafólk kynnist íbúum og staðháttum eins fljótt og unnt er til að auðvelda aðlögun þess. Í því skyni skal fólkið fá notið tómstunda- og félagsstarfs í tengslum við þá félagsstarfsemi sem fyrir er í sveitarfélaginu.

22. gr.

Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar.

Flóttafólki skal veitt öll nauðsynleg heilbrigðisþjónusta sem völ er á. Fólkið skal teljast tryggt í íslenskum almannatryggingum frá komudegi ef lögð eru fram í Sjúkratryggingar Íslands gögn frá Útlendingastofnun eða Þjóðskrá Íslands, sbr. 18. gr. reglugerðar um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá, nr. 463/1999, með síðari breytingum.

Flóttafólk skal fara í heilbrigðisskoðun og leggja fram heilbrigðisvottorð eins og aðrir sem flytjast til landsins, sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar um útlendinga, nr. 53/2003, með síðari breytingum. Greiða skal fyrir heilbrigðisskoðunina af kostnaðaráætlun sveitarfélags, sbr. 4. mgr. 12. gr.

Enn fremur skal greitt fyrir heilsugæsluþjónustu sem þörf er á fyrstu sex mánuði dvalar flóttafólksins. Þetta á einnig við um lyfseðilsskyld lyf og hjálpartæki, svo sem gleraugu og heyrnartæki. Að sex mánuðum liðnum skal flóttafólkið sjálft greiða hlut sjúklings í heilbrigðis- og lyfjakostnaði, enda sé búið að greina og meðhöndla eins og kostur er þá sjúkdóma og heilsubrest sem flóttafólkið kann að hafa haft við komuna til landsins. Komi til verulegs kostnaðar vegna heilbrigðisþjónustu, að sex mánuðum liðnum, skal taka tillit til hans við útreikning á fjárhagsaðstoð til þeirra.

Sveitarfélag skal halda til haga frumritum kvittana fyrir greiðslur vegna heilsugæslu, lyfja og hjálpartækja og innheimta ef við á frá Tryggingastofnun ríkisins allar endurgreiðslur í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Sækja skal eftir atvikum um afsláttarkort.

23. gr.

Tannlækningar.

Flóttafólk skal eiga kost á tannlækningum. Sú þjónusta sem flóttafólki skal látin í té að kostnaðarlausu miðast við að gera við skemmdar tennur og nauðsynlega tannsmíði ásamt fræðslu um tannhirðu. Tannlækni er heimilt að hefja strax nauðsynlega neyðarþjónustu.

Tannlæknir skal gera meðferðaráætlun fyrir hvern einstakling. Yfirtannlæknir velferðarráðuneytisins skal fara yfir áætlunina og samþykkja hana áður en meðferð hefst. Sé um verulega kostnaðarsamar aðgerðir að ræða skal leita samþykkis velferðarráðuneytis áður en meðferð hefst.

Almennt skal ekki greitt fyrir gullfyllingar eða krónu- og brúargerð nema sérstaklega sé gert ráð fyrir því í samþykkttri meðferðaráætlun, sbr. 2. mgr.

Sveitarfélag skal eftir atvikum innheimta frá Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðslur samkvæmt reglugerð um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar, nr. 576/2005, með síðari breytingum.

IV. KAFLI

Reglur sem snerta stöðu og réttindi flóttafólks á fyrsta dvalarári.

24. gr.

Dvalarleyfi.

Flóttamaður skv. 5. gr. skal að jafnaði, samkvæmt umsókn þar um, fá dvalarleyfi til þriggja ára í senn sem ekki er háð takmörkunum, sbr. 3. mgr. 51. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

25. gr.

Atvinnuleyfi.

Útlendingar sem hafa fengið dvalarleyfi sem flóttamenn samkvæmt lögum um útlendinga eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi hér á landi, sbr. 22. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

V. KAFLI

Skyldur flóttafólks til þátttöku.

26. gr.

Nám og starf.

Flóttafólki er skylt að sækja námskeið í íslensku sem í boði eru því að kostnaðarlausu á fyrsta dvalarári, sbr. 17. gr., og taka virkan þátt í atvinnuleit með stuðningi ráðgjafa Vinnuálastofnunar eða félagsþjónustu sveitarfélags, sbr. 15. gr. Því er enn fremur skylt hefja störf eða stunda reglubundið nám innan árs frá komudegi til landsins. Sérstakar aðstæður geta þó komið í veg fyrir að ákvæðum þessarar greinar sé framfylgt.

27. gr.

Viðtöl hjá sálfræðingi.

Að tveimur árum liðnum frá komu til landsins er áhersla lögð á að flóttafólkið þiggi viðtöl hjá sálfræðingi á vegum sveitarfélags því að kostnaðarlausu, sbr. 2. mgr. 28. gr., enda búi fólkið áfram í móttökusveitarfélagi. Tilgangur viðtalanna er að gefa fólkinu tækifæri til að fara yfir reynsluna allt frá búsetu í upprunalandinu til aðlögunarinnar á Íslandi.

VI. KAFLI

Staða flóttafólks að loknu tímabili sérstakrar aðstoðar.

28. gr.

Félagspjónusta að loknu tímabili sérstakrar aðstoðar.

Að ári liðnu frá komu flóttafólksins til landsins flyst kostnaður vegna félagspjónustu til lögheimilissveitarfélags, sbr. IV. kafla laga um félagspjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum. Fjárhagsaðstoð við flóttafólk eftir að sveitarfélög taka yfir ábyrgð á henni greiðist í samræmi við lög um félagspjónustu sveitarfélaga og reglur viðkomandi sveitarfélags. Á öðru dvalarári flóttafólks á Íslandi endurgreiðir ríkissjóður (velferðarráðuneytið) sveitarfélagi kostnað vegna fjárhagsaðstoðar í samræmi við b-lið 2. mgr. 15. gr. laga um félagspjónustu sveitarfélaga.

Flóttafólkið á rétt að allri félagspjónustu sem í boði er hjá sveitarfélaginu, þar með talinni félagslegri ráðgjöf. Enn fremur skal bjóða fólkinu að tveimur árum liðnum frá komu til landsins viðtöl hjá sálfræðingi að allt að tíu skipti því að kostnaðarlausu, sbr. 27. gr.

29. gr.

Menntamál og leikskólavistun.

Að loknu tímabili sérstakrar aðstoðar hafa börn flóttafólks sömu réttindi og önnur börn með íslensku sem annað tungumál innan skólakerfisins.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002, skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veita sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg framlag til sérstakrar íslenskukennslu á grunnskólastigi, enda fari slík kennsla fram.

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003, með síðari breytingum, eru veitt jöfnunarframlög til sveitarfélaga með tilliti til fjölda innflytjendabarna á aldrinum 0–5 ára. Renna greiðslur til sveitarfélaga með 22.000 íbúa eða færri. Leikskólar skulu setja móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna þar sem skipulögð er nauðsynleg þjónusta við börnin. Sérstaklega skal huga að málörvun, tengslum við upprunamál og menningu og samstarfi við foreldra.

Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu tryggja leikskólavistun barna flóttafólks á aldrinum 2–6 ára.

30. gr.

Nám í framhaldsskóla.

Ungmenni 16–24 ára sem eru flóttafólk skulu fá námstilboð við hæfi í framhaldsskóla á fyrsta ári, sbr. 19. og 20. gr. Að því tímabili loknu skal veita þeim námsráðgjöf um frekara framhaldsnám og símenntun. Gert skal ráð fyrir að kennsla í framhaldsskólum sé í samræmi við aðalnámskrá.

Heimilt er að víkja frá kröfum um námsframvindu við ákvörðun framlaga til framhaldsskóla vegna þessara ungmenna.

31. gr.

Ríkisborgararéttur.

Eftirtalin búsetuskilyrði gilda gagnvart flóttafólki um veitingu íslensks ríkisborgararéttar: „Flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, hafi verið hér búsettur sem slíkur í fimm ár. Sama gildir um mann sem fengið hefur dvalarleyfi hér á landi af mannúðarástæðum“, sbr. 6. málsl. 8. gr. laga um íslenskan ríkisborgarétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum.

32. gr.

Aðstoð við heimflutning.

Breytist aðstæður í upprunalandi flóttamanns þannig að forsendur skapist fyrir hann að hverfa þangað að nýju til að setjast þar að er heimilt að veita honum einu sinni aðstoð við heimflutning. Heimilt er að sækja um aðstoðina þar til einstaklingur hefur hlotið íslenskan ríkisborgarétt. Þörfin fyrir aðstoð skal metin í hverju tilfalli. Ákvörðun um aðstoð skal tekin af flóttamannanefnd og greidd úr ríkissjóði.

33. gr.

Aðstoð vegna fjölskyldusameiningu.

Heimilt er að veita styrk til flóttamanns vegna fjölskyldusameiningar. Á þetta eingöngu við um einstaklinga sem tilheyra kjarnafjölskyldu flóttamannsins þegar fyrsta dvalarleyfi var veitt. Eingöngu er veittur styrkur ef Útlendingastofnun hefur samþykkt umsókn um dvalarleyfis á grundvelli fjölskyldusameiningar. Að hámarki er veittur styrkur sem nemur 75% af heildarkostnaði vegna flugfargjalds. Ákvörðun um aðstoð skal tekin af flóttamannanefnd og greidd úr ríkissjóði.

VII. KAFLI

Úrlausn ágreiningsefna o.fl.

34. gr.

Úrlausn ágreiningsefna.

Komi upp ágreiningur um túlkun eða framkvæmd reglna þessara eða annarra atriða er snerta móttöku og aðstoð við flóttafólk skal málið borið undir velferðarráðuneytið.

35. gr.

Gildistaka og endurskoðun.

Reglur þessar eru settar af flóttamannanefnd og öðlast þegar gildi. Þær skulu endurskoðaðar reglulega í samvinnu við sveitarfélög og Rauða krossinn á Íslandi.

Reglur flóttamannaráðs frá 22. september 2009 falla hér með úr gildi.

Reykjavík, 10. maí 2013

Flóttamannanefnd

Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarbæ

I. kafli Almenn atriði

1. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustunnar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fjárhagsaðstoð er veitt á formi framfærslustuðnings eða tilboðs um starf eða virkniúrræði.

Tilgangur aðstoðar er að:

1. Styðja einstaklinga sem aðstoðar njóta til sjálfsbjargar.
2. Gera þeim kleift að framfleyta sér og fjölskyldu sinni án aðstoðar.
3. Stuðla að valdeflingu þeirra.

2. gr.

Framfærsluskyllda og fjárhagsaðstoð

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim er sækir um aðstoð skv. reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu hér á landi og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hún hugsuð sem stuðningur við einstakling eða fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustusveitarfélaga.

3. gr.

Fjárhagsaðstoð og heimild til lækkunar á framfærslustyrk

Sé umsækjandi vinnufær skal fjárhagsaðstoð alla jafna veitt sem tilboð um tímabundið launað starf eða virkniúrræði samhliða fjárhagsstyrk. Þegar fjárhagsaðstoð er veitt í formi tilboðs um tímabundið starf, skulu kjarasamningsbundin laun að teknu tilliti til starfshlutfalls aldrei vera lægri en grunnframfærsla skv. 11. gr. reglna þessara.

Hafni umsækjandi atvinnu eða virkni, eða hafi sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er heimilt að greiða honum allt að hálfri upphæð framfærslustyrks hans skv. 11. gr. þann mánuð sem hann hafnar vinnu eða úrræði svo og tvo mánuði þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar minnisblaði atvinnuleitanda án viðhlítandi skýringa og umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

Að loknu allt að þriggja mánaða skerðingartímabili skv. 2. mgr. er heimilt að bjóða einstaklingi starf eða virkniúrræði á ný þegar tveir mánuðir eru liðnir frá því skerðingartímabili lauk. Hafni einstaklingur starfi eða úrræði á ný, er heimilt að greiða honum allt að hálfri upphæð framfærslustyrks með sama hætti þann mánuð sem hann hafnar vinnu eða úrræði svo og fimm mánuði þar á eftir.

4. gr.

Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. gr.

Form framfærslustuðnings

Framfærslustuðningur er ýmist veittur í formi styrkja eða lána. Stuðningur skal einungis veittur sem lán þegar könnun á aðstæðum umsækjanda með tilliti til eigna og framtíðartekna leiðir í ljós að hann muni fær um að endurgreiða lánið eða ef um er að ræða að umsækjandi bíði afgreiðslu á bótum eða lífeyri frá öðrum opinberum aðilum sem hann á rétt til, svo sem frá Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði eða lífeyrissjóðum. Skal að öllu jöfnu gerður samningur um lánið með aðkomu lánastofnunar.

Við endurkröfu lánsins skal leitast við að koma lánþega ekki í þá stöðu að hann geti ekki séð sér og sínum farborða. Lán skal eingöngu veitt þeim umsækjendum sem ætla má að hafi ekki lánstraust hjá lánastofnunum.

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Enginn skal njóta fjárhagsaðstoðar án þess að vera í samstarfi við félagsráðgjafa um lausn mála sinna.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Rökstuddar ástæður þurfa að liggja að baki ef aðstoð er veitt aftur í tímann og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

II. kafli Umsókn um fjárhagsaðstoð

8. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsþjónustunni í lögheimilissveitarfélagi umsækjanda. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr. Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir og staðfesting á skólavist. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysis-tryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarféлага eða öðrum aðilum sem og afrit þinglýstra skjala til staðfestingar á kostnaði vegna húsaleigu eða eigin húsnæði. Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa tilskildum gögnum frá vinnumiðlun. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa greiðsluseðli frá atvinnuleysistryggingasjóði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, eða sætir biðtíma hjá vinnumiðlun hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

9. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda

Fjölskylduráð getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði og tryggingafélögum. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita fjölskylduráði eða starfsmönnum þess upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfærandar, enda hafi umsækjandi veitt fjölskylduráði og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur peningalegar eignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið, eða hafa nýlega selt eignir sínar skal honum vísað á lánaþingreiðslu banka og sparissjóða þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum.

III. kafli
Réttur til fjárhagsaðstoðar
Mat á fjárförf og útreikningur fjárhagsaðstoðar

10. gr.

Mat á fjárförf

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárförf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.
Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr.

Grunnfjárhæð framfærslustyrks

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og breytist 1. janúar ár hvert miðað við vísitölu neysliverðs. Grunnfjárhæð fyrir einstakling er 154.384,- kr. Framfærslugrunnur vegna einstaklings 18 ára og eldri er 1, en vegna hjóna og fólks í sambúð 1,6 og 0,5 vegna einstaklinga sem búa hjá foreldrum, ættingjum eða öðrum og hafa tekjur undir viðmiðunarmörkum njóti þeir sannanlega hagræðis af sambúðinni.

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra með tekjur sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða og aldrei lengur en í fjóra mánuði. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 10.000 kr. á mánuði. Leitast skal við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

Veita skal þeim sem fengið hafa óskerta fjárhagsaðstoð undangengna þrjá mánuði samfelldt sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð skv. reglunum.
Heimilt er að greiða foreldrum sem njóta fjárhagsaðstoðar sérstakan styrk vegna fermingar barna. Fjárhæð fermingarstyrkja skal taka mið af viðmiðunarfjárhæðum innanríkisráðuneytisins í leiðbeiningum til sýslumanna vegna krafna um sérstök framlög.

12. gr.

Tekjur umsækjanda

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan, eru taldar með við mat á fjárförf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema greiðslur með börnum, o.s.frv. og koma þær til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárförf.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnaðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

13. gr.

Greiðslur meðlags

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en *grunnfjárhæðin* skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

Sérákvæði

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur *grunnfjárhæð*, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir *grunnfjárhæð* skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Námsmenn

Einstaklingar sem stunda nám sem lánshæft er hjá LÍN njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar skv. III. kafla reglna þessara.

IV. kafli

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

16. gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna náms 16 og 17 ára barna.

Heimilt er að veita foreldrum með tekjur undir *grunnfjárhæð* fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla.

17. gr.

Námsstyrkir

Heimilt er að veita lán/styrk til einstaklinga sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla, sem stuðning við markmið í vinnu með félagsráðgjafa sem miðar m.a. að efnahagslega sjálfstæðu lífi viðkomandi. Samþykktir varðandi námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn, þannig að aðstoð greiðist áfram þegar umsækjandi sýnir eðlilega námsframvindu. Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu ásamt almennum skólagjöldum og bókakostnaði.

Leggja skal inn umsókn um námsstyrki fjórum vikum áður en nám hefst.

18. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar

I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* og fullnægja a.m.k. einu eftirfarandi skilyrða:

- a) hafa átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu til lengri tíma.

Þá er heimilt að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga barna þeirra foreldra sem fullnægja sömu skilyrðum.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 80.000 kr. á ári.

Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

II. Heimilt er að veita einstaklingum með tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* undangengna fjóra mánuði í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá viðurkenndum fagaðilum með lögvernduð starfsheiti og siðareglur ef það er liður í umfangsmeiri aðstoð og fyrirsjáanlegt að ekki sé unnt að veita þjónustuna innan Félagsþjónustunnar eða á vegum heilbrigðisstofnana.

- a) einstaklingum sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða,
- b) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru allt að 80.000.- kr. á ári.

Heimilt er að kalla eftir umsögn fagaðila og meta þörf á frekari sérfræðiaðstoð.

19. gr.

Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru 200.000.- kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum og staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

20. gr.

Áfallaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- a) vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna, eða náttúruhamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið,
- b) þegar rúma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000.- kr.

21. gr.

Lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu

Heimilt er að veita einstaklingum með tekjur undir grunnfjárhæð lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Skilyrði er að viðkomandi geti greitt áfallandi mánuð sjálfur. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði. Heimilt er að veita lán fyrir allt að þriggja mánaða fyrirframgreiðslu. Gildistími húsaleigusamnings skal vera a.m.k. 12 mánuðir og samkomulag um að húsaleigubætur eða hluti þeirra renni til Fjölskylduþjónustunnar þar til lánið er að fullu greitt.

22. gr.

Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu undangengna sex mánuði eða lengur lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, enda sé leitast við að afla upplýsinga um:

- a) hvort umsækjandi eigi möguleika á lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- b) hvort umsækjandi hafi leitað til Umboðsmanns skuldara eða annars
- c) hvort fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.

Ekki er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk né lán til greiðslu skattskulda eða sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

23. gr.

Sérstakar heimildir

Heimilt er að veita einstaklingum með tekjur um eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoð til kaupa á nauðsynjum, svo sem gleraugum, fatnaði, heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum. Jafnframt er heimilt að veita fæðingarstyrki og fatastyrki séu tekjur undir viðmiðunarmörkum. Þá er heimilt til að veita einstaklingum á meðferðar- eða sjúkrastofnunum lán eða styrk vegna húsnæðiskostnaðar til allt að tveggja mánaða.

V. kafli

Málsmeðferð

sbr. ákvæði stjórnslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

24. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef fjölskylduráði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti. Fjölskylduráð skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

25. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

26. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í fjölskylduráði kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

27. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið Fjölskylduþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

28. gr.

Niðurstæða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

29. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur Fjölskylduþjónustan endurkrafið viðkomandi um fjárhæðina

samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

30. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfmenn Fjölskylduþjónustunnar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs.

31. gr.

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð

Þar sem starfsmenn fjölskylduráðs hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að fjölskylduráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til fjölskylduráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun fjölskylduráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

32. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

Samþykkt í fjölskylduráði Hafnarfjarðar 12. mars 2014 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 19. mars 2014.

Reglurnar taka gildi 3. apríl 2014

Verkaskipting móttökuverkefnis kvótaflóttamanna árið 2015-2017

Hlutverk velferðarráðuneytisins

- Umsjón um gerð samninga vegna móttökuverkefna.
- Yfirumsjón með veittri þjónustu og samstarfi.
- Að útbúa upplýsingaefni um flóttamannahópinn í samvinnu við samstarfshópinn.
- Að fylgja eftir skráningu hjá ríkisstofnunum í samvinnu við samstarfshópinn.
- Fræðsla og kynning fyrir samstarfsaðila verkefnisins í samvinnu við samstarfshópinn.
- Að leiða starf framkvæmdahópsins
- Að leiða starf samráðshópsins.
- Vinna við lokaskýrslu í samvinnu við samstarfshópinn.

Hlutverk móttökusveitarfélagsins:

- Almenn félagsþjónusta:
 - Málstjórar flóttamannafjölskyldnanna.
 - Útvegum leiguhúsnæðis.
 - Umsjón með fjárhagsaðstoð.
 - Félagaráðgjöf.
 - Tengiliðir við þjónustu sálfræðinga.
 - Tengiliðir fjölskyldnanna við leik-, grunn-, og framhaldsskóla.
 - Aðstoð við leit að hentugum tómstundum og aðstoð við skráningar.
 - Hvatning til almennra virkni og atvinnuleitar.
- Innritun og eftirfylgni í framhaldsskóla.
- Innritun og eftirfylgni í grunnskóla og frístundaheimili.
- Leik- og grunnskólamenntun.
- Sértekur stuðningur við kennslu.
- Sérfræðiþjónusta skóla.
- Umsýsla með útlögðum kostnaði verkefnisins.
- Fræðsla og kynning fyrir samstarfsaðila verkefnisins, eins og heilsugæslu og skóla, í samvinnu við samstarfshópinn.
- Gerð tveggja stöðumatsskýrslna um félagslega stöðu fjölskyldanna.
- Seta í framkvæmdahópi.
- Seta í samráðshópi.
- Vinna við lokaskýrslu í samvinnu með samstarfshópnum.

Leiðbeinandi reglur

fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og
aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks
Maí 2014



Velferðarráðuneyti: Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökubjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks
Maí 2014

Útgefandi: Velferðarráðuneyti
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: velferðarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneyti

© 2014 Velferðarráðuneyti

ISBN 978-9979-799-85-6

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
I. INNGANGUR.....	3
1.1 SÉRSTAÐA FLÓTTAFÓLKS	3
1.2 SKILGREININGAR.....	4
1.3 LAGAGRUNNUR.....	4
II. LEIÐBEINANDI REGLUR.....	5
1. GR. GILDISSVIÐ.	5
2. GR. MARKMIÐ.	5
3. GR. FJÁRMÖGNUN.	5
4. GR. VERKLAG VIÐ FLUTNING MÁLS TIL LÖGHEIMILISSVEITARFÉLAGS FLÓTTAFÓLKS.....	6
5. GR. MÓTTÖKUPJÓNUSTA LÖGHEIMILISSVEITARFÉLAGS.	6
6. GR. INNTAK FÉLAGSLEGRAR AÐSTOÐAR VIÐ FLÓTTAFÓLK.	6
7. GR. UPPHAF GRUNNSKÓLAGÖNGU BARNA.	8
8. GR. SÉRFRÆÐIPJÓNUSTA SKÓLA.	8
9. GR. AÐSTOÐ VEGNA FJÖLSKYLDUSAMEININGAR.	8
10. GR. AÐSTOÐ VIÐ HEIMFLUTNING.....	8
11. GR. ÞJÓNUSTA TÚLKA.	9
12. GR. SAMSTARF.....	9
III. UPPLÝSINGAR UM AÐRA ÞJÓNUSTUAÐILA.....	10
3.1 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA	10
3.2 FRAMHALDSSKÓLAR	10
3.3 FJÖLMENNINGARSETUR	10

I. Inngangur

Þessar leiðbeinandi reglur snúa að framkvæmd þjónustu sem og stuðningi við flóttafólk og voru settar fram sökum sérstöðu flóttamanna á grundvelli skilgreiningar alþjóðasamninga sem greint er frá í kafla 1.1. Reglunum er ætlað að leiðbeina sveitarfélögum um góða starfshætti fyrir þennan hóp með von um að styrkja farsæla búsetu í sveitarfélaginu og félagslega þátttöku.

Með flóttafólki er hér átt við þrjá hópa:

1. Einstaklinga sem fengið hafa stöðu flóttamanns skv. j-lið 12. gr. laga um útlendinga, [nr. 96/2002](#), eftir hælismeðferð.
2. Einstaklinga sem fá dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann skv. 4. mgr. 46. gr. laga um útlendinga.
3. Einstaklinga sem fengið hafa synjun um hæli en fengið dvalarleyfi á grundvelli ríkra mannúðarsjónarmiða skv. f-lið 12. gr. laga um útlendinga.¹

1.1 Sérstaða flóttafólks

Lög um útlendinga taka mið af skilgreiningu alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna sem vísað er til í 44. gr. laga um útlendinga:

...útlendingur sem er utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að vera ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélags hópi eða vegna stjórnmalaskoðana og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands; eða sá sem er ríkisfangslaus og er utan þess lands þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur vegna slíkra atburða og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta hverfa aftur þangað, skv. A-lið 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967.

Ákvæði laganna tekur jafnframt til þeirra sem ekki eru flóttamenn samkvæmt ofangreindri skilgreiningu en fá svonefnda viðbótarvernd (e. *subsidiary protection*) „... ef raunhæf ástæða er til að ætla að [sá sem sækir um hæli] eigi á hættu að sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði hann sendur aftur til heimalandsins...“ og er honum þá veitt staða flóttamanns.

Þegar lítið er til skilgreiningarinnar er ljóst að fólk sem fær hér stöðu sem flóttafólk hefur búið við fjölþættan vanda til lengri eða skemmri tíma. Því þarfnast flóttafólk þverfaglegs stuðnings frá velferðar- og menntakerfinu og ekki síst félagsráðgjafar með upplýsingagjöf og leiðbeiningum um félagsleg réttindamál og stuðnings vegna félagslegs og persónulegs vanda, líkt og kveðið er á um í 16. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, [nr. 40/1991](#).

Ef Útlendingastofnun eða innanríkisráðuneytið tekur ákvörðun um að veita hælisleitanda dvalarleyfi vegna ríkra mannúðarsjónarmiða, þrátt fyrir synjun á stöðu flóttamanns, er lítið svo á að viðkomandi búi einnig yfir sérstöðu sem taka þurfi tillit til.² Því falla þeir einstaklingar einnig að leiðbeinandi reglum þessum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. inngangskafila.

¹ Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða vegna sérstakra tengsla við landið fellur ekki hér undir.

² Hér er orðið *flóttafólk* eða *flóttamaður* notað yfir alla þessa þrjá hópa, þótt einstaklingar sem fá leyfi af mannúðarástæðum séu í raun ekki flóttamenn.

1.2 Skilgreiningar

Með *þjónustusveitarfélagi hælisleitenda* er hér eftir átt við það sveitarfélag sem hefur samning við Útlendingastofnun um þjónustu við hælisleitendur.

Með *lögheimilissveitarfélagi flóttafólks* er í reglum þessum átt við það sveitarfélag þar sem flóttamaður hefur skráð lögheimili fyrstu tvö árin eftir dvalarleyfisveitingu.

1.3 Lagagrunnur

Þessar leiðbeinandi reglur eru settar fram sem leiðbeiningar til sveitarfélaga. Ekki er unnt að byggja rétt til þjónustu á reglunum.

Leiðbeiningarnar eru byggðar á reynslu af móttökupjónustu við flóttafólk, lögum um útlendinga, [nr. 96/2002](#), með síðari breytingum, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, [nr. 40/1991](#), með síðari breytingum, lögum um málefni innflytjenda, [nr. 116/2012](#), reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga í sérstökum tilvikum við erlenda ríkisborgara, utan EES, sem ekki eiga lögheimili á Íslandi, [nr. 1185/2011](#), lögum um grunnskóla, [nr. 91/2008](#), með síðari breytingum, lögum um leikskóla, [nr. 90/2008](#), með síðari breytingum, og reglum sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð.

Jafnframt byggjast þær á samanburði við [viðmiðunarreglur flóttamannanefndar](#) um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks, dags. 10. maí 2013, og samningi Útlendingastofnunar og sveitarfélaga um þjónustu við hælisleitendur.

Eftirfarandi lög og reglugerðir voru einnig höfð til hliðsjónar: Lög um húsaleigubætur, [nr. 138/1997](#), með síðari breytingum, lög um sjúkratryggingar, [nr. 112/2008](#), með síðari breytingum, lög um framhaldsskóla, [nr. 92/2008](#), með síðari breytingum, reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, [nr. 351/2002](#), reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, [nr. 584/2010](#), reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku, [nr. 654/2009](#), reglugerð um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustu, [nr. 1176/2011](#), og reglugerð um greiðslu barnabóta, [nr. 555/2004](#).

Á grundvelli framangreinds gefur velferðarráðuneytið út þessar leiðbeinandi reglur og er mælt með að allar ákvarðanir og mat á þjónustu taki mið af sérstöðu flóttafólks.

II. Leiðbeinandi reglur

LEIÐBEINANDI REGLUR

fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks.

1. gr.

Gildissvið.

Þessar leiðbeinandi reglur taka til framkvæmdar á þjónustu við einstaklinga sem fengið hafa dvalarleyfi á þeim forsendum sem gefnar eru upp í inngangsorðum reglnanna og hafa skráð lögheimili á Íslandi.

Aðstoðin sem hér er fjallað um er veitt af því sveitarfélagi sem viðkomandi einstaklingur eða fjölskylda hefur skráð lögheimili í og er ætlað að vera til hliðsjónar við stuðning við flóttafjölskyldur fyrstu tvö árin eftir lögheimilisskráningu.

Sveitarstjórnir geta sett nánari reglur um þjónustuna. Má þar nefna skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta aðstoðarinnar og einnig eigin reglur um fjárhagsaðstoð.

2. gr.

Markmið.

Þessum leiðbeinandi reglum er ætlað að vera til viðmiðunar og leiðbeiningar fyrir sveitarfélög og aðra þjónustuaðila³ sem og flóttafólki til upplýsingar.

Markmiðið með þjónustunni er að tryggja árangursríka aðlögun flóttafólks að íslenskum aðstæðum og samhliða stuðla að því að samfélagið komi til móts við þarfir þess. Það er gert með þverfaglegu samstarfi og samráði við flóttafólkið sjálft, með því að tryggja upplýsingagjöf um réttindi og skyldur flóttafólks og samfélagslega þátttöku þeirra.

3. gr.

Fjármögnun.

Lögheimilissveitarfélag flóttafólks veitir þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð, lögum um grunnskóla, lögum um leikskóla og öðrum viðeigandi lögum og reglum.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélagi útlagðan kostnað vegna fjárhagsaðstoðar fyrstu tvö árin sem flóttamaður hefur skráð lögheimili í landinu skv. 2. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélagið skal senda velferðarráðuneytinu yfirlit yfir útlagðan kostnað.

Þegar veitt er fjárhagsaðstoð skv. 2. tölul. 2. gr. reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga í sérstökum tilvikum við erlenda ríkisborgara, utan EES, sem ekki eiga lögheimili á Íslandi, er sótt um endurgreiðslu skv. 10. og 12. gr. þeirra reglna.

Yfirlitið yfir útlagðan kostnað, sbr. 2. mgr., miðast við tólf mánaða tímabilið 1. nóvember til 31. október. Það skal sent ráðuneytinu samhliða öðrum reikningum sveitarfélags vegna endurgreiðslu á grundvelli 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga í sérstökum tilvikum við erlenda ríkisborgara, utan EES, sem ekki eiga lögheimili á Íslandi. Umsóknareyðublað velferðarráðuneytisins fyrir endurgreiðslunni má finna á [vef velferðarráðuneytisins](#).

Í 5. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla er tekið fram að önnur sveitarfélög en Reykjavíkurborg skulu fá framlög vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku á grunnskólastigi, þar sem um slíka fræðslu er að ræða.⁴

³ Með öðrum þjónustuaðilum er átt við heilbrigðisþjónustu, menntastofnanir, skipulagt fristundastarf, Rauða krossinn á Íslandi, önnur félagasamtök o.fl.

⁴ Reykjavíkurborg annast upplýsingaöflun vegna útreiknings framlagsins og veitir kennsluráðgjöf fyrir sveitarfélög utan Reykjavíkurborgar.

4. gr.

Verklag við flutning máls til lögheimilissveitarfélags flóttafólks.

Útlendingastofnun tilkynnir leyfisveitingu til Þjóðskrár og óskar eftir lögheimilisskráningu í kjölfar veitingar stöðu flóttamanns eða dvalarleyfis af mannúðarástæðum vegna ríkra mannúðarsjónarmiða, eftir umsókn um hæli.

Þjónustusveitarfélag hælisleitanda upplýsir viðkomandi um helstu þjónustustofnanir sem hann þarf að leita til fyrst eftir að staða flóttamanns hefur verið veitt. Lögheimilissveitarfélag flóttamanns getur, að fengnu skriflegu samþykki hans, kallað eftir skýrslu leyfisveitanda um ákvörðun um leyfisveitingu, sé þess talin þörf.

Þjónustusveitarfélag hælisleitanda kemur á tengslum milli viðkomandi flóttamanns og félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags hans. Með samþykki flóttamanns upplýsir þjónustusveitarfélagið félagsþjónustuna um félagslega stöðu flóttamannsins með grunnupplýsingum um hann og fjölskyldu hans, ef við á. Jafnframt um tungumálakunnáttu og sérþarfir ef einhverjar eru svo tryggja megi að félagsþjónustan geti veitt fullnægjandi þjónustu við upphaf málsins. Auk þess eru upplýsingar veittar um þá þjónustu sem honum hefur verið veitt á meðan umsóknarferli hæliss stöð.

Sá sérfræðingur sem tekur við máli flóttafólks og veitir félagslega ráðgjöf skv. V. kafla um laga um félagsþjónustu er samhæfingaraðili máls og sér til þess að það sé unnið í samvinnu flóttafólkið sjálft og aðra þjónustuaðila sem veitir því aðstoð.

5. gr.

Móttökubjónusta lögheimilissveitarfélags.

Þegar lögheimili hefur verið skráð í tilteknu sveitarfélagi öðlast viðkomandi rétt til félagsþjónustu sveitarfélagsins samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, þar með talda félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð í samræmi við reglur sveitarfélags. Í félagslegri ráðgjöf felst meðal annars að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindi annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar, sbr. V. kafla laganna.

Aðstoð sveitarfélags tekur einnig til húsaleigubóta, sbr. lög um húsaleigubætur, og sérstakra húsaleigubóta á vegum sveitarfélags, þar sem þær eru í boði. Ef tiltekinn búsetutími er skilyrði fyrir sérstökum húsaleigubótum í reglum sveitarfélagsins er lagt til að veitt sé undanþága svo slíkt hafi ekki áhrif á mat á umsókn. Nánar er kveðið á um inntak félagslegrar aðstoðar við flóttafólk í 6. gr. þessara reglna.

Skólaskylda á Íslandi nær til allra barna, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára skv. 3. gr. laga um grunnskóla. Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskylda börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar. Liggi ekki fyrir ákvörðun stjórnvalds um lögheimili kveður sveitarstjórn á um skólaskyldu barna sem búa í sveitarfélögum þeirra skv. 3. og 4. mgr. 5. gr. laganna. Þegar nemendur með annað móðurmál en íslensku hefja skólagöngu skulu grunnskólar sjá til þess að móttökuáætlun vegna nemenda taki mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Auk þess skulu nemendur og foreldrar þeirra fá ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarfið skv. 2. og 3. mgr. 16. gr. laga um grunnskóla.

Lagt er til að starfsfólk félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags greini þarfir barnafjölskyldna og ef um er að ræða börn eða ungmenni sem ekki eru á skólaskyldualdri verði leitast við að koma til móts við fjölskylduna með daggæslu, leikskóla, framhaldsskóla eða öðrum menntunarúrræðum, eftir því sem við á.

Fjölmenningarsetur er sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í sveitarfélagið skv. b-lið 1. mgr. 3. gr. laga um málefni innflytjenda. Nánar er fjallað um Fjölmenningarsetur í kafla 3.3 í leiðbeinandi reglum þessum.

6. gr.

Inntak félagslegrar aðstoðar við flóttafólk.

Flóttafólk fær fjölpætta þjónustu frá velferðar- og menntakerfinu. Félagþjónusta lögheimilissveitarfélags útfærir þjónustuna nánar en mikilvægt er að flóttafólk fái tíð viðtöl í félagslegri ráðgjöf, sérstaklega fyrsta árið eftir leyfisveitingu, svo tryggja megi að markmiðin, sem sett eru fram í 2. gr. þessara reglna, náist.

Góð regla er að spyrja flóttamann ávallt að því hvort hann eigi fjölskyldu sem ekki hafi verið með í hælismeðferð, ef svo er ber að spyrja um aðstæður fjölskyldunnar og hvort fjölskyldusameining sé fyrirhuguð.

Flóttafólk ber sjálft ábyrgð á húsnæðisleit og hefur frjálst val um búsetu. Ef flóttafólk lendir í bráðum húsnæðisvanda ber lögheimilissveitarfélagi að aðstoða það skv. 46. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Umsóknir um styrki eða lán vegna fyrirframgreiðslu eða tryggingu húsaleigu ber að meta

hverju sinni hjá félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Þar eru ákvarðanir teknar um grunnfjárhagsaðstoð og heimildagreiðslur og metið hvort veita beri flóttafólki styrki út frá sérstöðu þeirra sem flóttafólk, aðstæðum þeirra og þörfum. Eftirfarandi styrki er mælt með að veita fyrstu tvö árin eftir lögheimilisskráningu en á þeim tíma er fjárhagsaðstoð endurgreidd af ríkissjóði:

- a. Grunnfjárhagsaðstoð.
 - i. Tryggja skal flóttafólki grunnfjárhagsaðstoð samkvæmt reglum lögheimilissveitarfélags um fjárhagsaðstoð.
 - ii. Jafnframt ber að tryggja flóttafólki, sem ekki er komið með skráð lögheimili í þjóðskrá, grunnfjárhagsaðstoð eftir leyfisveitingu, enda sé unnið að skráningu. Sjá nánar 2. tölul. 2. gr. reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara, utan EES, sem ekki eiga lögheimili á Íslandi.
- b. Styrk sem samsvarar barnabótageiðslum ríkisskattstjóra.
 - i. Þegar um barnafjölskyldur er að ræða er lagt til að lögheimilissveitarfélag greiði forsjáaraðila fjárhæð sem nemur barnabótum á hverjum tíma í samræmi við reglugerð um greiðslu barnabóta, fram að þeim tíma sem barnabætur greiðast að fullu frá ríkisskattstjóra.
- c. Húsbúnaðarstyrk.
 - i. Leitast ber við að leiðbeina flóttafólki við að útvega nauðsynleg húsgögn og heimilistæki, eftir því sem þörf krefur.
 - ii. Miðað er við 100.000 kr. styrk til kaupa á almennum húsbúnaði, 100.000 kr. styrk til kaupa á nauðsynlegum heimilistækjum og 50.000 kr. húsbúnaðarstyrk fyrir hvert barn.
- d. Sérstaka aðstoð vegna barna.
 - i. Aðstoða ber barnafjölskyldur með sérstakri fjárhagsaðstoð vegna kostnaðar fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í skipulögðu frístundastarfi, í samræmi við reglur hvers sveitarfélags.
 - ii. Leitast ber við að veita foreldrum sérstaka aðstoð vegna skólabyrjunar í samræmi við reglur hvers sveitarfélags.
 - iii. Foreldrar skulu ávallt hvattir til að styrkja börn sín til félagslegrar virkni og þátttöku í skipulögðu frístundastarfi.
- e. Námsstyrk.
 - i. Leitast skal við að veita flóttafólki, sem ekki hefur lokið námi í grunnskóla eða framhaldsskóla, styrk til framhaldsskólanáms.
 - ii. Í sérstökum tilvikum ber að leitast við að veita flóttafólki, sem ekki hefur lokið námi í háskóla, styrk til háskólanáms, enda eigi flóttamaður ekki kost á láni hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna sökum búsetutíma á Íslandi.
 - iii. Aðstoðin miðast við grunnfjárhagsaðstoð og styrk til greiðslu á innritunargjöldum og bóka- og tækjakostnaði. Viðmiðunarmörk grunnfjárhagsaðstoðar vegna náms skulu vera í samræmi við reglur sveitarfélags og skal miða við 20.000 kr. styrk til greiðslu innritunargjalds og 25.000 kr. styrk vegna bóka- og tækjakaupa nema reglur sveitarfélags kveði á um aðrar fjárhæðir.
- f. Styrk til greiðslu læknisskoðunar á göngudeild sóttvarna.
 - i. Miða skal við að styrkja fjölskyldur flóttamanna sem koma á grundvelli fjölskyldusameiningar, skv. 2. tölul. 1. mgr. inngangskafans, til að greiða fyrir læknisskoðun, sem nauðsynleg er fyrir heilbrigðisvottorð sem Útlendingastofnun krefst svo hægt sé að fá dvalarleyfi útgefið, enda hafi fjölskyldan ráðstöfunarfé sem nemur viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar sveitarfélags.
- g. Styrk vegna tannlækninga.
 - i. Leitast ber við að gefa flóttafólki kost á styrk fyrir tannlækningum samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð lögheimilissveitarfélags, sé þess þörf.
 - ii. Ef skilyrði er fyrir tilteknum búsetutíma eða tilteknu tímabili veittrar grunnfjárhagsaðstoðar fyrir styrkveitingu tannlækninga samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélags, er lagt til að veitt sé undanþága svo slíkt hafi ekki áhrif á ákvörðun um styrkveitingu.
- h. Sérfræðiaðstoð félagsráðgjafa, geðlækna eða sálfræðinga.
 - i. Mat á þörf fyrir sérfræðiaðstoð fer fram í félagslegri ráðgjöf.
 - ii. Flóttafólk skal eftir atvikum hvatt til að leita meðferðar hjá geðlæknum, félagsráðgjöfum eða sálfræðingum. Lagt er til að styrkur miðist við tíu viðtöl, allt að 120.000 kr.
 - iii. Ef skilyrði er fyrir tilteknum búsetutíma eða tilteknu tímabili veittrar grunnfjárhagsaðstoðar fyrir styrkveitingu tannlækninga samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélags, er lagt til að veitt sé undanþága svo slíkt hafi ekki áhrif á ákvörðun um styrkveitingu.
- i. Íslenskukennslu.

- i. Flóttafólk skal hvatt til þess að stunda nám í íslensku sem öðru tungumáli og samfélagsfræðslu. Æskilegt er að nám hefjist sem fyrst eftir leyfisveitingu. Veittur er allt að 150.000 kr. styrkur fyrir íslenskunámskeiðum vegna náms fullorðinna.

7. gr.

Upphaf grunnskólagöngu barna.

Samhæfingaraðili máls hjá félagsþjónustu sveitarfélaga aðstoðar við skráningu barna í viðeigandi skóla og kemur á tengslum milli foreldra og skóla sem fyrst eftir leyfisveitingu, eftir atvikum og þörfum.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskólum. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli skv. 4. mgr. 16. gr. laga um grunnskóla. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Nánar er kveðið á um íslensku sem annað tungumál í aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið 2013.

8. gr.

Sérfræðiþjónusta skóla.

Skólastjórar grunnskóla samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs. Jafnframt skal stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir skv. 4. mgr. 40. gr. laga um grunnskóla.

Grunnskólar skulu að auki starfa með sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöldum og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir skv. 5. mgr. 40. gr. laga um grunnskóla.

Leikskólastjórum er falið samræmingarhlutverk þjónustuaðila sem sinna málefni einstakra barna sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir skv. 21. og 22. gr. laga um leikskóla.

Sérfræðiþjónusta skóla sem er á vegum hvers sveitarfélags felur annars vegar í sér stuðning við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðning við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Við framkvæmd þjónustunnar skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarljósi. Í a- og b-liðum 3. gr. reglugerðarinnar er lögð áhersla á forvarnastarf og snemmtækt mat til að stuðla markvisst að velferð nemenda. Í forvarnastarfi leik- og grunnskóla er unnið út frá því að skólaganga nemenda gangi sem best og að skólabragurinn verði sem jákvæðastur, auk þess eigi nemendur sem kunnir að eiga í vanda að fá viðeigandi stuðning og námsaðstoð við hæfi til að þeir geti tekið virkan þátt í skólastarfi skv. 10. gr. reglugerðarinnar.

9. gr.

Aðstoð vegna fjölskyldusameiningar.

Heimilt er að veita tekjulágu flóttafólki styrk vegna fjölskyldusameiningar skv. 2. tölul. 1. mgr. inngangskafans. Á þetta eingöngu við um einstaklinga sem tilheyra kjarnafjölskyldu flóttamanns þegar fyrsta dvalarleyfi er veitt. Eingöngu kemur til greina að veita styrk ef Útlendingastofnun hefur samþykkt umsókn um dvalarleyfi á grundvelli ofangreindrar fjölskyldusameiningar. Veittur er styrkur sem nemur allt að 75% af heildarkostnaði vegna flugfargjalds. Ákvörðun um aðstoð skal tekin af félagsþjónustu sveitarfélags í samráði við velferðarráðuneytið, enda sé umsókn lögð fram innan tveggja ára frá lögheimilisskráningu.

10. gr.

Aðstoð við heimflutning.

Breytist aðstæður í upprunaríki flóttafólks þannig að forsendur skapist til að hverfa þangað að nýju og setjast þar að er heimilt að veita tekjulágum einstaklingum styrk í eitt skipti fyrir heimflutningi, sé þess óskað. Þeir sem hlotið hafa íslenskan ríkisborgararétt eiga ekki möguleika á styrk. Þörfin fyrir aðstoð er metin í hverju tilfalli. Umsókn skal lögð fram innan tveggja ára frá lögheimilisskráningu og ákvörðun um aðstoð tekin af félagsþjónustu sveitarfélags í samráði við velferðarráðuneytið.

11. gr.

Þjónusta túlka.

Til að tryggja sjálfsákvörðunarrétt flóttafólks á vettvangi félagsþjónustu og skilvirka félagslega ráðgjöf skv. 2. mgr. 1. gr. og 16. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er mikilvægt að nýta þjónustu túlka, þar sem við á.

Að auki skal nýta þjónustu túlka skv. 16. gr. laga um grunnskóla þegar tekið er á móti nemendum sem hefja nám hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku greint frá rétti þeirra til túlkaþjónustu.

Jafnframt skal tryggja foreldrum túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla skv. 18. gr. laga um grunnskóla.

Foreldrum barna í leikskóla skal tryggð túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla skv. 9. gr. laga um leikskóla.

12. gr.

Samstarf.

Lagt er til að samhæfingaraðili máls hafi forgöngu um að þjónustuaðilar flóttafólks hafi samstarf og samráð sín á milli vegna einstakra mála.

Hvatt er til samstarfs, samráðs og ráðgjafar milli þeirra sem vinna með mál flóttafólks, þvert á lögheimilissveitarfélög og þjónustusvæði.

Þessar leiðbeinandi reglur eru gefnar út af velferðarráðuneytinu í samráði við innanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fjölmenningarsetur, Rauða krossinn á Íslandi, Reykjanesbæ, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Útlendingastofnun, eftir því sem við átti, og skulu endurskoðaðar reglulega í samvinnu við sveitarfélög.

Reykjavík, 28. maí 2014.

Eygló Harðardóttir
Félags- og húsnæðismálaráðherra

III. Upplýsingar um aðra þjónustuaðila

3.1 Heilbrigðisþjónusta

Flóttafólk sem fær stöðu sína viðurkennda eftir hælismeðferð öðlast sjúkratryggingu á Íslandi sex mánuðum eftir lögheimilisskráningu skv. 10. gr. laga um sjúkratryggingar.

Einstaklingar sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi eiga rétt á neyðaraðstoð hjá hinu opinbera heilbrigðiskerfi skv. 15. gr. reglugerðar um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustu. Greint er frá gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu í 16. gr. reglugerðarinnar. Hvetja skal flóttafólk til að kaupa sér sjúkratryggingu hjá tryggingafélagi, sé það ekki sjúkratryggt eftir leyfisveitingu. Fólk sem hefur keypt sér sjúkratryggingu hjá tryggingafélögum greiðir aðeins sjúklingahluta þjónustunnar sem tryggð er samkvæmt tryggingunni, eftir að fjárhæð hennar er komin yfir sjálfsábyrgð trygginganna.

Flóttafólki skal tryggð þjónusta túlka líkt og öðrum sjúklingum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skv. 5. gr. laga um réttindi sjúklinga.

3.2 Framhaldsskólar

Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs og er hver framhaldsskóli ábyrgur á innritun nemenda. Heimilt er framhaldsskóla að gera sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir framhaldsskóla skv. 32. gr. laga um framhaldsskóla.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Sama gildir um nemendur sem dvalist hafa langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslensku. Miða skal við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, í fjarnámi eða með öðrum hætti, skv. 3. mgr. 35. gr. laga um framhaldsskóla.

Framhaldsskólar skulu setja sér áætlun um móttöku nemenda. Móttökuáætlun framhaldsskóla skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum, þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um námið og skólastarfið almennt, og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum er greint frá möguleikum á túlkaþjónustu. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum skv. 4. mgr. 35. gr. laga um framhaldsskóla.

Vakin er athygli á reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku.

3.3 Fjölmenningarsetur

Hlutverk Fjölmenningarseturs er meðal annars að veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda. Auk þess skal það vera sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í sveitarfélagið, taka saman og miðla upplýsingum um réttindi og skyldur innflytjenda og fleira skv. 3. gr. laga um málefni innflytjenda.

